

1. tbl. 22. árgangur • Febrúar 2011

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Þessi unga stúlka sem prýðir forsíðu fréttabréfsins heitir Marta Florczyk. Hún er starfsmaður hjá GPG á Húsavík.

Hefur þú skoðað atvinnustefnu Framsýnar á heimasíðu félagsins, www.framsyn.is?

Áfanga náð í kjaradeilu bræðslumanna

Samninganefnd starfsmanna fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn gekk frá samkomulagi við Samtök atvinnulífsins í síðustu viku um sérkjör starfsmanna. Ekki tókst að ganga frá launaliðnum en vonir eru bundnar við að það takist á næstu vikum. Að sögn starfsmanna eru þeir ánægðir með það sem þegar hefur náðst. Hins vegar eru þeir mjög óánægðir með ummæli

forsvarsmanna samninganefnda starfsmanna Afis og Drifanda í þeirra garð eftir að félögin féllu frá boðuðu verkfalli í fiskimjölsverksmiðjum á Austurlandi og í Vestmannaeyjum. Starfsmenn ÍV töldu ástæðu til að senda frá sér yfirlýsingu þar sem ummæli forsvarsmanna félaganna eru harðlega fordæmd. Hægt er að sjá yfirlýsingu á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is.

Atvinnustefna Framsýnar

Framsýn hefur lagt fram metnaðarfulla atvinnustefnu í Pingeyjarsýslum í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Pingeyinga. Hægt er að nálgast hana á heimasíðu félagsins eða á Skrifstofu stéttarfélaganna. Hugmyndin er

að uppfæra hana eftir þörfum og eru allar hugmyndir sem leitt geta til frekari atvinnuuppbyggingar á svæðinu vel þegnar. Endilega komið þeim á framfæri við Skrifstofu stéttarfélaganna.



Bræðslumenn á Þórshöfn fara yfir sín mál. Mikil og góð samstaða er meðal þeirra í þeim kjaraviðræðum sem þeir eiga við Samtök atvinnulífsins.

Skemmtilegur lokafundur

Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar kom saman til síðasta fundar ársins í lok desember. Að loknum hefðbundnum fundarstörfum var boðið upp á jólahlaðborð og skemmtiatriði sem voru í höndum

verslunarmannadeildarinnar. Fundurinn fór vel fram og var skemmtilegur að vanda. Guðný, Helga, Ósk og Krístrún taka hér lagið en þær eru allar mjög söngelskar.



Lítið að gerast hjá Samiðn

Líkt og hjá öðrum landssamböndum innan Alþýðusambands Íslands ganga kjaraviðræður við Samtök atvinnulífsins hægt. Félagsmenn Þingiðnar hafa nú verið

samningslausir frá 1. desember sl. eða í tæpa þrjá mánuði. Vonir eru bundnar við að samningar klárast um næstu mánaðamót.



Félagsmönnum Þingiðnar er farið að lengja eftir nýjum kjarasamningi.

Starfsmenn Silfurstjörnunnar ræða kjaramál

Framsýn boðaði til starfsmannafundar með starfsmönnum Silfurstjörnunnar í síðustu viku. Til umræðu var ástandið í verkalyðshreyfingunni, yfirstandandi kjaraviðræður við Samtök atvinnulífsins og sérma starfsmanna en í gildi er sérkjarasamningur milli Framsýnar og Silfurstjörnunnar. Þá var einnig gerð grein fyrir tillögum Framsýnar varðandi atvinnumál í héraðinu sem lagðar voru nýlega fyrir

Samtök atvinnulífsins. Að venju urðu góðar umræður um málefni fundarinnar. Eftir fundinn áttu fulltrúar Framsýnar síðan óformlegan fund með yfirmanni Silfurstjörnunnar á staðnum þar sem farið var yfir áherslur starfsmanna varðandi breytingar á gildandi sérkjarasamningi. Ákveðið var að aðilar yrðu í frekara sambandi eftir helgina.



Öflug starfsemi er í Silfurstjörninni í Öxarfirði. Á síðasta ári voru framleiðd um 800 tonn af fiski til vinnslu. Á þessu ári er reiknað með aukningu í allt að 1000 tonn.

Framsýn fundar með SA

Fulltrúar úr Samninganefnd Framsýnar áttu sinn fyrsta fund með Samtökum atvinnulífsins 9. febrúar um gerð kjarasamnings fyrir félagsmenn Framsýnar á almennum vinnumarkaði. Það er eftir að félagið samþykkti að afturkalla samningsumboðið frá SGS. Á fundinum lagði samninganefndin fram kröfugerð Framsýnar þar sem fjallað var annars vegar um kjarabætur og hins vegar um atvinnumál í Pingejarsýslum. Kröfur félagsins um kjarabætur eru eftirfarandi:

Megináherslur samninganefndar Framsýnar- stéttarfélags f.h. félagsmanna í kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins í febrúar 2011.

1. Meginmarkmið

- Að endurheimta glataðan kaupmátt frá upphafi efnahagshrunsins á Íslandi haustið 2008.
- Að efla atvinnulífið svo hægt verði að fjölga störfum og minnka atvinnuleysið.
- Að tryggja þeim lægst launuðu hækkunar umfram þá tekjuhærrí í krónutölu.
- Að vinna að efnahagslegum stöðugleika í þjóðfélaginu.
- Að tekið verði með skipulögðum hætti á skuldavanda heimilanna í landinu.
- Að stjórnvöld hækki persónu-afsláttinn og geri auk þess breytingar á tekjuskattkerfinu í þágu hinna lægst launuðu. Auki þannig kaupmátt þeirra launa.

2. Launakröfur

- Að almennar launahækkanir komi til framkvæmda 1. desember 2010 og taki mið af neysluviðmiðum sem lögð hafa verið fram af Velferðarráðherra.
- Að lágmarkslaun verði kr. 200.000,-



Adalsteinn Á. Baldursson formaður Framsýnar og Kristbjörg Sigurðardóttir varaformaður afþenda Vilhjálmi Egilssyni framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins kröfugerð Framsýnar. Með þeim á fundinum var einnig Snæbjörn Sigurðarson starfsmaður Framsýnar.

fyrir fullt starf. Launataxtar taki mið af því.

- Að sérstök áhersla verði á hækkingu launa hjá starfsfólki í útflutningsgreinum.
- Að kaupaukar/bónusgreiðslur hækki í samræmi við launabreytingar.
- Að orlofs- og desemberuppbót hækki í samræmi við launabreytingar.
- Starfsheitum sem ekki er þegar ráðað í launatöflu verði fundinn staður í töflunni s.s. sorphirðumönnum.

3. Sérmaál

- Að samningsaðilar SA/Framsýn setjist yfir þau sérmaál sem snúa að félagsmönnum Framsýnar samkvæmt framlögðum tillögum SGS sem félagið stendur að.

4. Aðkoma stjórnvalda/SA-ASÍ

- Að Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands vinni að því með Framsýn að þeim tækifærum sem eru til staðar til að efla atvinnulífið í Pingejarsýslum verði hrint í framkvæmd.
- Að stjórnvöld hætti að þvælast fyrir góðum kostum í atvinnuuppbyggingu, samanber uppbyggingu álvers á Bakka við Húsavík.
- Að stjórnvöld tryggji efnahagslegan stöðugleika svo fyrirtækin og heimilin í landinu geti þrífist með eðlilegum hætti.
- Að stjórnvöld myndi á ný traust við fólkið í landinu með það að markmiði að halda sköttum og álögum í lágmarki, ekki síst á lágtekjufólk, öryrkja og aldraða.

Vel fór á með fundarmönnum og var ákveðið að næsti samningafundur Framsýnar og SA verði haldinn á næstunni. Þá verði hafin vinna við að yfirfara sérmaálin.

Sjómenn funda á Þórshöfn

Aðalfundur sjómannadeildar Vercalýðsfélags Þórshafnar var haldinn á Eyrinni 2. febrúar. Í deildinni eru 15 karlar og stjórn skipa: Sigfús Kristjánsson formaður, Hallgrímur Óðinn Pétursson varaformaður, Jóhann Ægir Halldórsson ritari og varamenn eru Birgir Indriðason og Óli Ægir Steinsson. Að loknum venjulegum aðalfundastörfum

voru málin rædd og eitt heitasta mál sjómanna er að sjálfsögðu afnám sjómannaafsláttarins, enda þykir flestum það ósanngjarn gjörningur. Það er t.d. á sama tíma og þingmenn telja eðlilegt að þiggja dagpeninga vegna vinnuferða erlendis og utan Reykjavíkur.

STH styrkir góð málefni

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur var haldinn á veitingahúsinu Sölu í desember. Góð mæting var á fundinn eins og undanfarin ár og ánægja með starfsemi félagsins. Á fundinum voru afhentir styrkir til Styrktarfélags Heilbrigðisstofnunar Píngeyinga og Gífasjóðs Hvamms að upphæð kr. 100.000,- gjafir sem eflaust munu koma í góðar þarfir.

Á fundinum var farið yfir ársreikninga félagsins svo og skýrslu stjórnar

en þar kom m.a. fram að árið hefði verið viðburðaríkt á mörgum sviðum. Afkoma félagsins var góð á árinu 2009 en heildartekjur félagsins umfram útgjöld námu tæplega sex milljónum króna. Stefán Stefánsson var endurkjörinn formaður félagsins með lófataki svo og aðrir stjórnarmenn sem allir gáfu kost á sér til áframhaldandi setu. Nokkrar breytingar urðu á skipan í nefndir og ráð á vegum félagsins.



Þráinn Gunnarsson tók við kr. 100.000,- styrk Starfsmannafélags Húsavíkur til Gífasjóðs Hvamms og færði hann félaginu miklar þakkar fyrir. Stefán Stefánsson, sem var endurkjörinn formaður STH, afhenti styrkinn.

Hvar vorum við? Hvert stefnum við?

Starfsafl og Landsmennt

- Fræðslusjóðir í 10 ár!

Í tilefni af 10 ára starfsafmæli Landsmenntar og Starfsafls bjóða sjóðirnir upp á ráðstefnu og afmælishóf á Hótel Sögu (Stanford) 17. mars nk. kl. 14:00-17:00

Dagskrá verður í formi stuttra erinda um sögu, hlutverk og stefnu fræðslusjóða almennra starfsmanna og atvinnurekenda.

Fundarstjórn: Marianna Traustadóttir



Landsmennt



starfsafl

Fréttabréf - orlofskostir

Það mun ekki liða langt milli fréttabréfa því í mars munu stéttarfélögin gefa út annað fréttabréf með þeim orlofskostum sem verða í boði sumarið 2011.

Glæsileg útkoma úr naflaskoðun Framsýnar



Taplega 50 einstaklingar tóku þátt í þjóðfundinum um framtíð og stöðu Framsýnar. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir af þátttakendum.

Fyrir nokkru var ákveðið að fara í naflaskoðun á starfsemi Framsýnar með þjóðfundarsniði. Leitað var til Fræðsludeildar MFA um að sjá um verkefnið sem fór fram 15. janúar. Um 50 félagsmenn, víðsvegar af félagssvæðinu, tóku þátt í verkefninu. Bæði var um að ræða fólk sem stundað hefur félagsstörf fyrir félagið í stjórnnum og ráðum auk almennra félagsmanna sem valdir voru af handhófi. Nokkrum spurningum var velt upp s.s. varðandi

þar með félagsmenn. Önnur atriði en hér eru tilgreind fengu færri atkvæði.

28 atkvæði. Þátttaka unglinga í starfi félagsins verði aukið.

19 atkvæði. Kaup á orlofsíbúð á Akureyri.

15 atkvæði. Að hagr félagsmanna verði tryggður.

15 atkvæði. Rýnifundur um starfsemi félagsins verði haldin reglulega.

15. atkvæði Hátíðarhöldin 1.maí



Flottar stelpur! Eyrín, Dalla, Ása og Henný starfsmenn ASÍ sá um skipulagninguna og stjórnunni vinnu með frábærum hætti.

er í félaginu, hvað allir eru ánægðir með félagið sem segir manni, að vel er haldið utan um starfsemi þess. Niðurstöður hópavinnunnar í öllum umræðunum fjórum voru alltaf jákvæðar. Við hópstjórnir vissum reyndar fyrirfram að mikil ánægja er með starfið í félaginu og starfsmenn þess, en þessum gríðarlega góðu niðurstöðum áttum við ekki von á.

Ef teknar eru saman helstu niðurstöður hópanna fjögurra kom

stjórn og trúnaðarmannaráði miðað við félagssvæðið og fá ungliða inn í stjórnirnar. Nauðsynlegt er að sinna jaðarsvæðum félagsins betur og efla þjónustuna á þeim svæðum. Þá var einnig rætt um íbúðakaup á Akureyri sem mörgum þátttakendum fannst að ætti að vera ofarlega á forgangslista. Skoða þarf betur stefnu styrkveitinga af ýmsum toga og jafnframt fara varlega og gæta að jafnræði.



styrkleika og veikleika félagsins. Þá var einnig velt upp spurningu varðandi framtíð félagsins. Á rýnifundinum 15. janúar kom sterklega fram að almenn ánægja er með starfsemi. Hér koma helstu niðurstöður en félagsmenn

verði á sömu nótum og verði hefur.

14 atkvæði. Jafnvægi verði í stjórnnum og ráðum miðað við starfssvæði félagsins.

14 atkvæði. Haldið verði áfram á sömu braut. Félagið er frábært en alltaf má gera betur.

12 atkvæði. Sjálfstæði félagsins

gagnvart ASÍ og SGS verði tryggt.

11 atkvæði. Stuðlað verði að meiri virkni félagsmanna.

Í lokaorðum skýrslunnar frá starfsmönnum Fræðsludeildar MFA og Alþýðusambands Íslands kemur eftirfarandi fram:

Að loknum vel heppnuðum degi voru þátttakendur beðnir um að segja álit sitt með því að líma límmiða á töflur. Spurt var um tvennt: Hvernig fannst ykkur dagurinn takast? og er þörf á stefnumótunardegi eins og þessum?

Allir þátttakendur voru mjög ánægðir með daginn og vildu allir (fyrir utan einn) taka þátt í svona degi aftur. Jafnframt fannst félagsmönnum þeir vera þátttakendur í því að móta starfið og hafa áhrif á hvernig það fer fram. Það var afskaplega ánægjulegt að sjá hvernig andinn

fram að almenn ánægja er með félagið. Starfsfólkið er áhugasamt, með viðtæka reynslu og þekkingu og býr yfir ótvíræðri hæfni. Efla þarf með ráð og dáð verkalyðspólítiska vitund og virkja félagsmenn til starfa með starfstengdum vinnufundum gegnum trúnaðarmannakerfið. Þá þarf að ná til unga fólksins og fræða það og virkja um réttindi og skyldur og hvetja það til starfa og þátttöku í félaginu. Leggja þarf áherslu á að hagr félagsmanna verði sem allra bestur bæði launa- og samfélagslega séð og útrýma kynbundum launamun. Gæta þarf að jafnvægi í setu félagsmanna í

Í framhaldi af þessum skipulagsfundi verður unnið með þær hugmyndir sem komið hafa fram. Á grundvelli niðurstöðu fundanna vinnur Framsýn - stéttarfélag svo tillögur að breytingum og bótum ef þörf er talin á. Hvernig þeirri vinnu verður háttað er alfarið í höndum Framsýnar.


Með kveðju og þökkum

Eyrín Valsdóttir

Dalla Ólafsdóttir

Henný Hinz

Ása Jónsdóttir



geta fengið niðurstöðurnar í heild sinni á Skrifstofu stéttarfélaganna. Niðurstöðurnar voru kynntar á auka aðalfundi Framsýnar í byrjun febrúar og voru fundarmenn ánægðir með niðurstöðuna.

Þátttakendur voru beðnir um að gefa helstu áhersluatriðið stig eftir mikilvægi þess fyrir félagið og



Eyfirðingar vilja ganga í Framsýn

Nýlega barst formlegt erindi frá verkafólki á Akureyri sem spyr hvort félagið geti stofnað Eyjafjarðardeild Framsýnar. Reyndar var annað sambærilegt erindi úr Eyjafirði að berast í þessari viku. Ljóst er að verkafólk víða um land ber mikið traust til Framsýnar og málfutnings þess samanber þetta formlega erindi. Þess má geta að reglulega berast beiðnir frá verkafólki utan félagssvæðis Framsýnar um aðild

að félaginu. Til viðbótar má geta þess að félagið er með erindi frá skipstjórnarmönnum á fiskiskipum og starfsmönnum fjármálastofnana í Pingeyjarsýslum sem óska eftir aðild að félaginu. Öll þessi mál eru í skoðum hjá Framsýn og hefur lögmönnum félagsins verið falið að skoða hvernig og hvort félagið geti orðið við óskum þessara hópa um inngöngu í Framsýn.

Áfall í atvinnumálum í Norðurþingi

Ljóst er að ákvörðun Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis að loka útibúi sparisjóðsins á Raufarhöfn er mikið áfall í atvinnumálum á svæðinu en starfsmönnum þess hefur verið sagt upp störfum. Einnig verður starfsmönnum útibús Sparisjóðsins á Kópaskeri fækkað. Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis er með starfsemi á Þórshöfn, Raufarhöfn og Kópaskeri. Nú hefur verið ákveðið að leggja niður útibúið á Raufarhöfn og sömuleiðis verður hagrætt í rekstri útibúsins á Kópaskeri og er það liður í sparnaði í rekstri sparisjóðsins.

Íris Björnsdóttir, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, sagði í fjölmiðlum að hagræða þyrfti á Kópaskeri þar sem starf sparisjóðsins fyrir Íslandspóst hefði minnkað verulega. Fjórum starfsmönnum hefur verið sagt upp. Tveir verða þó ráðnir í staðinn. Á Raufarhöfn verður útibúinu lokað 1. maí. Þar er lítið um viðskipti að sögn Írisar og því erfitt að reka útibú miðað við óbreyttar forsendur. Þar missa þrír vinnuna. Með þessum aðgerðum sparast 25-30 milljónir á ári.



VP segir bless við SGS

Stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Þórshafnar hefur samþykkt að afturkalla samningsumboð félagsins frá Starfsgreinasambandi Íslands. Jafnframt óskaði félagið eftir góðu samstarfi við Framsýn sem þegar hefur dregið samningsumboðið til baka frá SGS í yfirstandandi kjaraviðræðum við Samtök

atvinnulífsins. Stjórnendur VP telja hag félagsmanna betur borgið í samstarfi með Framsýn en með Starfsgreinasambandi Íslands. Þeir eru óánægðir með samræmda launastefnu sem SGS stendur að og mun þýða að þeir tekjuhærru munu fá hærri krónutöluhækkunar en þeir tekjulægri gangi hún eftir.

Heimild til að taka út séreignarsparnað hækkuð

Um áramótin hækkaði heimild til fyrirframgreiðslu séreignarsparnaðar úr 2,5 milljónum í 5 milljónir. Breytingin þýðir að fólk getur tekið út 250 þúsund krónur á mánuði af séreignarsparnaði eftir að tekjuskattur og útsvar hafa verið dregin frá, en þessi upphæð var rúmlega 100 þúsund á mánuði. Með lögum sem sett voru snemma

árs 2009 var sjóðfélögum veitt tímabundin heimild til að taka út séreignarsparnað sinn og var heimildin miðuð við 1.000.000 kr, síðar var heimildin rýmkuð í 2.500.000 kr. Með lögum sem samþykkt voru 18. desember s.l. var heimild þessi rýmkuð og er nú samtals 5.000.000 kr., frestur til að nýta heimildina er til 1. apríl 2011.

Forsetinn væntanlegur til Húsavíkur

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er væntanlegur til Húsavíkur 1. maí. Hann mun verða viðstaddur hátíðarhöld stéttarfélaganna og fagna um leið með heimamönnum 100 ára afmæli stéttabaráttu í Pingeyjarsýslum. Í apríl verða liðin 100 ár frá stofnun Verkamannafélags Húsavíkur, nú Framsýnar- stéttarfélags. Hátíðarhöldin í ár verða því með veglegra móti.



Fylgir þú lögum um vinnustaðaskírteini?

Þann 15. ágúst sl. tók gildi samkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Vinnustaðaskírteinum er ætlað að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði en mikilvægt er að öll fyrirtæki sitji við sama borð og fylgi settum reglum. Lögin gilda um alla sem starfa í byggingastarfsemi, mannvirkjagerð, við rekstur gististaða og veitingarekstur og ber þeim ætíð að hafa skírteinin á sér við störf. Stéttarfélögin skora á viðkomandi atvinnurekendur að fylgja lögnum svo þeir komist hjá háum sektum.



Sævar Guðbrandsson frá Trésmiðjunni Val var á dögnum að vinna í endurbótum á skrifstofu VTS sem er í sama húsi og Skrifstofa stéttarfélaganna. Eins og sjá má á myndinni skartar Sævar vinnustaðaskírteini sem uppfyllir öll skilyrði sem gerð eru til slíkra skírteina.

Félagsmenn STH í leikhús

Félögum í Starfsmannafélagi Húsavíkur býðst góður afsláttur á leiksýninguna: „Að eilífu“ eftir Árna Ibsen. Afslátturinn nemur 1500 krónum á miða fyrir hvern félagsmann. Mjög áriðandi er að félagsmenn nálgist afsláttarmiðana á Skrifstofu stéttarfélaganna áður en greitt er fyrir miðann í leikhúsinu. Ekki verður hægt að fá afsláttinn eftir.

100 ára afmæli stéttarbaráttu í Þingeyjarsýslum

Þann 14. apríl 2011 verða 100 ár liðin síðan Verkamannafélag Húsavíkur var stofnað. Félagið var stofnað af daglaunamönnum 14. apríl 1911. Nokkru síðar eða 28. apríl 1918 stofnuðu verkakonur á Húsavík með sér stéttarfélag, Verkakvennafélagið Von. Árið 1964 sameinuðust félögin undir nafninu Verkalýðsfélag Húsavíkur. Síðan þá hafa Verkalýðsfélag Öxarfjarðar, Verkalýðsfélag Raufarhafnar og Verslunarmannafélag Húsavíkur sameinast Verkalýðsfélagi Húsavíkur undir nafninu Framsýn-stéttarfélag. Það er því óhætt að segja að mikil gerjun hafi átt sér stað í

sameiningu stéttarféлага frá stofnun Verkamannafélags Húsavíkur. Í dag stendur Framsýn-stéttarfélag traustum fótum, það er bæði fjárhagslega og eins félagslega. Samkvæmt skoðanakönnunum er Framsýn auk þess eitt virtasta stéttarfélag landsins. Í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Starfsgreinasamband Íslands voru 96% félagsmanna ánægðir með starfsemi Framsýnar og 4% tóku ekki afstöðu til þjónustu félagsins. Samþykkt hefur verið að fagna þessum tímamótum með afmælisfagnaði í Íþróttahöllinni á Húsavík þann 1. maí n.k.



Það hafa margir góðir listamenn komið fram á hátíðarhöldum stéttarfélaganna á Húsavík í gegnum tíðina

Trúnaðarmannanámskeið á Þórshöfn

Verkalýðsfélag Þórshafnar stendur fyrir trúnaðarmannanámskeiði á Þórshöfn 8. til 10. mars. Félagið leggur mikið upp úr því að hafa öfluga trúnaðarmenn á vinnustöðum og er námskeiðið liður í því markmiði.

Aðalfundarboð – Framsýn

Aðalfundur Framsýnar-stéttarfélags verður haldinn fimmtudaginn 31. mars kl. 20:00 í fundarsal félagsins.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Afmæli félagsins
3. Önnur mál

Að sjálfsögðu verður boðið upp á veglegar veitingar. Þess er vænst að félagsmenn fjölmenni á fundinn

Framsýn-stéttarfélag



Formaður Framsýnar til Færeyja

Ingeborg Vinter formaður Færeyska Verkamannasambandsins hefur ákveðið að hætta sem formaður sambandsins í mars eftir 30 ára farsæla formennsku. Sérstök samkoma henni til heiðurs verður haldin í Þórshöfn í Færeyjum þann 25. mars nk. Ingeborg hefur verið

mjög vinsæl í starfi og er þekkt fyrir sín störf, ekki bara í Færeyjum heldur einnig á Norðurlöndunum. Færeyska Verkamannasambandið hefur boðið formanni Framsýnar, Aðalsteini Árna Baldurssyni á samkomuna og hefur hann þegið boðið.



Aðalsteinn og Ingeborg eru góðir vinir og eru hér að bera saman bakur sínar. Ingeborg hefur formennsku í Færeyska Verkamannasambandinu í mars eftir 30 ára formennsku.

Mannauðssjóður Samflots stofnaður

Í aprílmánuði s.l. var undirritað samkomulag milli Launaneðndar sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga, sem Starfsmannafélag Húsavíkur er aðili að, um stofnun Mannauðssjóðs Samflots. Samkomulagið byggir á bókun 3 í kjarasamningi aðila frá 29. nóvember 2008. Mannauðssjóðnum er ætlað að styrkja sveitarfélög í símenntunarmálum starfsmanna sinna sem eru félagar í STH. Sjóðurinn veitir styrki til;

- a) sveitarfélaga, stofnana og launagreiðenda sem greiða í sjóðinn,
- b) aðildarfélaga Samflots og eftir atvikum annarra bæjarstarfsmannafélaga,
- c) verkefna sem sjóðsstjórn skipuleggur eða á aðkomu að.

Umsóknir skulu sendar stjórn sjóðsins þar sem fram kemur lýsing á því verkefni sem sótt er um styrk til, skipulagi þess, efnisinntaki, áætlaðri framkvæmd, kostnaði, öðrum styrkjum og framlagi umsækjanda. Umsóknareyðublað og úthlutunarreglur má nálgast á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is undir eyðublað. Mannauðssjóðurinn á sér ákveðna samsvörun við starfsmenntunarsjóði hliðstæðra félaga, þ.e. Mannauðssjóð KJALAR og Sveitamennt aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands. Í þessa sjóði geta vinnuveitendur sótt styrki vegna kostnaðar við símenntun starfsmanna og atriðum þeim tengdum. Má þar nefna að öll námskeið eru frí hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt fyrir félagsmenn Mannauðssjóðs Samflots.

Framsýnarfélagar í leikhús!

Félögum í Framsýn býðst góður afsláttur á leiksýninguna: „Að eilífu“ eftir Árna Ibsen. Afslátturinn nemur 1300 krónum á miða fyrir hvern félagsmann. Mjög áriðandi er að félagsmenn nálgist afsláttarmiðana á Skrifstofu stéttarfélaganna áður en greitt er fyrir miðann í leikhúsinu. Ekki verður hægt að fá afsláttinn eftir á.

Samningsumboðið heim

Á aukaaðalfundi Framsýnar, sem haldinn var í byrjun febrúar, var samþykkt með lófaklappi að félagið afturkallaði samningsumboðið frá Starfsgreinasambandi Íslands. Fundamenn lýstu óánægju sinni með þann hægagang sem verið hefði í viðræðunum og lögðu mikla áherslu á að ekki yrði vikið frá þeirri grunnkröfu félagsins að lágmarkslaun yrðu hækkuð í 200 þúsund krónur á mánuði og að samið yrði til skamms tíma, í mesta lagi til eins árs. Það var einróma mat fundarmanna að samræmd launastefna og samningur til þriggja ára væri ófær leið. Hún myndi tryggja þeim launahæstu mun meiri krónutöluhækkanir en félagsmönnum á lágmarkslaunum og það væri óásættanlegt. Ákveðið var að vísa kjaradeilunni ekki til Ríkissáttasemjara að svo stöddu heldur reyna þess í stað til þrautar að ná samkomulagi við Samtök atvinnulífsins um

sanngjarnar kjarabætur fyrir hönd verkafólks. Þá kom fram á fundinum að Verkalýðsfélag Akraness, sem líkt og Framsýn afturkallaði samningsumboð sitt frá SGS, hefur óskað eftir nánú samstarfi í þeirri kjarabaráttu sem framundan er. Þá hefur eitt aðildarfélag SGS til viðbótar haft samband við forsvarsmenn Framsýnar og lýst yfir áhuga sínum á að fylgja eftir fordæmi Framsýnar og Verkalýðsfélags Akraness með því að afturkalla samningsumboð sitt. Á fundinum var einnig tekin fyrir niðurstaða úr naflaskoðun félagsins. Þar kom fram að mikil ánægja væri með starfsemi félagsins og einnig komu þar fram ábendingar og hugmyndir sem félagið mun vinna eftir. Þá var samþykkt að breyta lögum félagsins á þann veg að opna félagið enn frekar fyrir félagsmönnum, enda mikil ásókn verið í félagið.



Góð mæting var á aukaaðalfund Framsýnar þar sem samþykkt var með lófaklappi að afturkalla samningsumboðið frá Starfsgreinasambandinu og að opna félagið fyrir nýjum félagsmönnum sem ekki hafa haft aðgengi að félaginu fram að þessu.

Ánægðir með framleiðsluna

Fulltrúar Framsýnar komu við á dögnum í seiðaeldisstöðinni hjá Fiskeldisfyrirtækinu Rífós í Kelduhverfi. Þar hittu þeir fyrir Hlífur framkvæmdastjóra Karlsson, Pál Helgason og Þórarinn Mát Þórarinnsson starfsmenn fyrirtækisins. Þeir voru mjög

ánægðir með framleiðsluna, fiskeldið hefur gengið vel og framleiðslan rokið út. Framleiðslan á síðasta ári var um 500 tonn af bleikju og laxi sem fer bæði á íslenska og eins erlenda markaði. Sögu þeir horfu góðar og bjart væri yfir fiskeldi á Íslandi.



Hlífur, Páll og Þórarinn Mát ánægðir með lífið og tilveruna, enda góður gangur í fiskeldinu.

Preifað á smábátaeigendum

Fulltrúar Framsýnar hafa síðustu vikurnar preifað á smábátaeigendum á Norðurlandi varðandi kjarasamning fyrir sjómenn á smábátum á félagssvæði Framsýnar. Viðræðurnar hafa gengið vel og verðum þeim fram haldið á næstu dögum. Í dag er ekki til kjarasamningur fyrir smábátasjómenn á landsvísi. Vilji

Framsýnar er að vinna að því að svo verði og því hefur félagið lagt töluverða vinnu í verkefnið. Hver niðurstaðan verður úr viðræðunum er ekki hægt að spá um á þessu stigi. Þá hefur félagið einnig átt vinsamlegar viðræður við hvalaskoðunarfyrirtækin á Húsavík um kjarasamning fyrir starfsmenn fyrirtækjanna.

Góðir gestir í heimsókn

Þær Ingvaldur og Svala, sem báðar stunda nám við Háskólann á Akureyri, komu við á Skrifstofu stéttarfélaganna til að ræða við formann Framsýnar. Þær Ingvaldur og Svala eru á öðru ári í iðjupjálfun og eru að vinna verkefni er tengist þeirra námi í Háskólanum. Þær ákváðu að gera

sér ferð til Húsavíkur til að vinna að verkefninu og liður í því að fara að yfirheyrja Aðalstein formann sem að sjálfsögðu tók þeim vel. Töluvert er um að nemendur á flestum skólastigum leiti til stéttarfélaganna eftir upplýsingum vegna verkefna sem þau vinna að.



Svala og Ingvaldur ræða við Aðalstein.

Ný heimasíða í loftið

Næsta þriðjudag opnar ný heimasíða á vegum stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Síðan mun gefa stéttarfélagunum kost á að miðla upplýsingum betur til félagsmanna sinna auk þess að gefa þeim betri yfirsýn yfir starfsemina. Myndir frá starfsemi félagsanna verða meira áberandi á nýju heimasíðunni auk annarra nýjunga sem verða kynntar þegar síðan fer í loftið.

Veffyrirtækið Blokkinn sá um hönnun og uppsetningu á heimasíðunni en Blokkinn er nýtt fyrirtæki sem sérhæfir sig í vef- og kynningarmálum

fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki en starfsmennirnir eru allir með viðtæka reynslu á þeim sviðum. Eigendur og starfsmenn Blokkarinnar eru allir Þingeyingar og er fyrirtækið með höfuðstöðvar á Húsavík, auk þess eru starfsmenn fyrirtækisins félagsmenn í Framsýn-stéttarfélagi. Þess má geta að mikil umferð er um framsyn.is á hverjum degi. Stéttarfélagin binda vonir við að nýja síðan verði mun aðgengilegri fyrir lesendur en sú gamla.



Snæbjörn Sigurdarson tæknistjóri stéttarfélaganna og Arngrímur Arnarson sérfræðingur í Blokkinni handsöluðu í desember samkomulag um nýja heimasíðu stéttarfélaganna sem tekin verður í notkun á þriðjudaginn.

Sigurvegargar í Framsýnargetrauninni

Fjölmarginir tóku þátt í getraun heimasíðu stéttarfélaganna um jólin. Spurt var: Hver er sveitarstjóri Norðurlþings? Rétt svar er Bergur Elías Ágústsson. Dregið var úr réttum svörum og hlutu eftirtaldir verðlaun:

1. verðlaun- Guðmundur Eiríksson, Sólbrekku 8, 640 Húsavík. Gisting fyrir 2 á Fosshótel í tvær nætur.
2. Verðlaun- Guðrún Helga Hermannsdóttir, Fossvöllum 10, 640 Húsavík. Hangikjöt frá Norðlenska.
3. verðlaun- Guðbjörg Jónsdóttir, Hríflu 3, 650 Pingeyjarsveit. Konfekt.
4. verðlaun- Árni Dan Ármannsson, Tungötu 18, 610 Grenivík. Flís-teppi.

5. verðlaun- Guðríður Sigurðardóttir, Hjarðarholti, 603 Akureyri. Flís-teppi.

6. verðlaun- Skúli Jónsson, Boðagerði 6, 670 Kópasker. Flís-teppi.

7. verðlaun-Hólmgrímur Helgason, Núpasiðu 10g, 603 Akureyri. Flís-teppi.

8. verðlaun- Úlfhildur Sigurðardóttir, Heiðargerði 2d, 640 Húsavík. Flís-teppi.

Við viljum nota tækifærið og þakka öllum þeim sem fjölmörgu sem tóku þátt í könnunni og reyndar öllum þeim sem heimsækja heimasíðuna reglulega fyrir að sýna starfi stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum áhuga.

Skötulykt yfir höfninni á Húsavík

Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið GPG á Húsavík bauð starfsmönnum og gestum upp á skötuveislu fyrir jólin. Reyndar er varla hægt að tala bara um skötuveislu því saltfiskur, hlýri, hákarl, harðfiskur, hrogn og síld voru meðal þess sem var í

boði. Sannarlega glæsileg veisla hjá þeim GPG- mönnum og þeim til sóma. Formaður Framsýnar og skrifstofustjóri Skrifstofu stéttarfélaganna voru að sjálfsögðu á gestalistanum og tóku þátt í gleðskapnum.



Um 70 manns komu í skötuveislu GPG fyrir jólin. Boðið var upp á reglegar veitingar. Adalsteinn Júlíusson eldadi skötuna, enda vel við bæfi þar sem hann er Vestfirðingur. Með honum er aðstoðarmaður hans, Gunnlaugur Karl Hreinsson framkvæmdastjóri GPG.

Verkalýðsfélag Þórshafnar klikkar ekki

Verkalýðsfélag Þórshafnar færði Leikskólanum Barnabóli styrk nú fyrir jólin, að upphæð kr.100.000 til að bæta aðbúnað leikskólabarna. Þá færði félagið Dvalarheimilinu Nausti gjafabréf að upphæð kr. 200.000. Til stendur að nota féð til kaupa á vörum fyrir hreyfingu og viðhaldsþjálfun, en iðjuþjálfari kemur reglulega á Naust. Gjöfin kemur án efa í góðar þarfir fyrir heimilismenn á Naustinu. Verkalýðsfélag Þórshafnar kom einnig við í Bókasafni Langanesbyggðar og

færði safninu kr. 50.000 að gjöf fyrir áramótin. Búið er að flytja skólabókasafnið úr skólanum í bókasafnið og í staðinn verður innréttað Sagaclass rými fyrir fyrirmyndarnemendur. Því vantaði bókasafnið fjármagn til að kaupa hillur og VP brást vel við því. Verkalýðsfélagið hefur verið duglegt að styrkja góð málefni á Þórshöfn á undanförunum árum. Ljóst er að það er mikill styrkur fyrir samfélagið við Þistilfjörð að hafa öflugt stéttarfélag eins og Verkalýðsfélag Þórshafnar.



Á meðfylgjandi mynd má sjá fulltrúa úr stjórn og trúnaðarmannaráði VÞ fara yfir málin. Félagið hefur gefið margar góðar gjafir undanfarið.

Hækkun sjúkrastyrkja hjá STH

Þann 1. janúar hækkuðu sjúkrastyrkir hjá Styrktarsjóði BSRB sem félagsmenn í Starfsmannafélagi Húsavíkur eru aðilar að. Þannig hækka styrkir til gleraugnakaupa verulega en einnig

hækka styrkir til heilsueflingar, vegna sjúkranuðs svo og aðrir styrkir sem félagsmenn eiga rétt á. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu styrktarsjóðsins, styrktarsjodur.bsrb.is

Fundað með erlendum starfsmönnum

Stéttarfélagið í Pingeyjarsýslum standa reglulega fyrir fundum með erlendum starfsmönnum á félagssvæði stéttarfélaganna. Einn slíkur fundur var haldinn rétt fyrir áramótin. Tæplega 20 einstaklingar

nýttu sér tækifærið og komu við og spjölluðu við starfsmenn félagsins um flest milli himins og jarðar s.s. kjaramál, skattamál og lífeyrissjóðsmál.



Mjög gott samband er á milli stéttarfélaganna og erlendra starfsmanna á þeirra félagssvæði.

Skólastjórnendur athugið

Að venju vilja stéttarfélagið bjóða grunnskólum í Pingeyjarsýslum upp á fræðslu um markmið og tilgang stéttarfélaga. Félagið hafa í gegnum tíðina átt mjög gott samstarf við grunnskólana á félagssvæðinu og komið nokkuð reglulega í heimsóknir. Fræðslan sem við bjóðum upp á er ætluð nemendum í 10. bekk og neðar óski skólarnir eftir því. Ef þið hafið áhuga fyrir því að fá okkur í heimsókn í vetur eða vor, vinsamlegast hafið þá samband við Skrifstofu stéttarfélaganna þegar ykkur hentar.

Góður aðalfundur Sjómannadeildar

Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar fór fram í lok desember. Gestur fundarins var Björn Valur Gíslason alþingismaður. Fundurinn var óvenju fjörugur og langur því hann hófst kl. 16:00 og var slitið formlega upp úr kl. 20:00. Óformlegum samræðum var þó fram haldið fram að miðnætti. Í heildina stóðu umræður því yfir í átta klukkutíma. Fundarmenn voru mjög ánægðir með starfsemi deildarinnar á starfsárinu. Þá gáfu fundarmenn sér einnig góðan tíma til að ræða kjaramál og málefni lífeyrissjóða. Stjórnin var endurkjörin en hana skipa: Jakob G. Hjaltalín, Haukur Hauksson, Björn Viðar, Stefán Hallgrímsson og Kristján Þorvarðarson. Á fundinum kom fram krafa um að álykta um sjómannaafsláttinn og aðild atvinnurekenda að stjórnnum lífeyrissjóða. Ályktunin er eftirfarandi:

„Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar, stéttarfélags krefst þess að stjórnvöld falli frá áformum um að leggja niður sjómannaafsláttinn í áföngum á næstu árum. Þá beinir félagið þeim tilmælum til Sjómannasambands Íslands að ekki verði skrifað undir nýjan kjarasamning við LÍÚ, nema fyrir liggi yfirlýsing frá stjórnvöldum, um að þeir muni breyta lögum þannig að sjómannaafslátturinn fari að virka aftur með sambærilegum hætti og verið hefur.

Þá leggur Sjómannadeild Framsýnar áherslu á að Sjómanna-sambandið beiti sér fyrir því að

stjórn Lífeyrissjóðsins Gildi verði skipuð sjóðfélögum með þekkingu á lífeyrissjóðsmálum og sem hafa hagmuna að gæta en ekki atvinnurekendum.“

Gestur fundarins, Björn Valur Gíslason alþingismaður, fjallaði ítarlega um niðurstöðu starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Þá fjallaði hann um ákvörðun stjórnvalda um að taka sjómannaafsláttinn af í áföngum. Fyrir liggur að sjómannaafslátturinn verður lækkaður úr kr. 987 fyrir hvern lögskráningardag niður í kr. 740 frá og með 1. janúar 2011 eða sem nemur 25% lækkun. Síðan á afslátturinn að lækka aftur niður í kr. 493 árið 2012 og niður í kr. 246 árið 2013 og fellur síðan alfarið brott árið 2014.

Fundarmenn spurðu Björn Val út í störf nefndarinnar og töldu margt til bóta sem þar kæmi fram. Hins vegar lýstu þeir yfir megnri óánægju með ákvörðun stjórnvalda að ráðast að kjörum sjómanna með því að fella niður sjómannaafsláttinn í áföngum. Björn sagðist skilja vel reiði sjómanna. Fundarmenn vildu einnig ræða við Björn Val um stjórnarsamstarfið, erjurnar innan VG og hvort Framsóknarflokkurinn væri á leiðinni inn í ríkistjórnina til að styrkja hana. Björn Valur vísaði fréttum fjölmiðla um að Framsókn væri á leiðinni inn í ríkistjórnina á bug. Núverandi ríkistjórn hefði sterkan þingmeirihluta og ekki stæði til að slíta núverandi stjórnarsamstarfi.



Björn Valur sat fyrir svörum í þrjá klukkutíma enda fékk hann fjölmargar spurningar frá fundarmönnum.



Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar í desember er einn besti aðalfundur sem deildin hefur haldið. Miklar umræður urðu á fundinum um málefni sjómanna og reyndar landsmálin einnig enda Björn Valur gestur fundarins.

Gleðidagur á aðventu

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum stóðu að venju fyrir opnu húsi síðasta laugardaginn fyrir jóla. Boðið var upp á kaffi og tertu auk þess sem jólasveinar úr Dimmuborgum komu í heimsókn. Þá voru einnig

nokkur frábær tónlistaratriði í boði. Um 300 manns þáðu boðið sem fór að venju vel fram. Stéttarfélagin þakka fyrir sig og góðar móttökur Þingeyinga og þeirra gesta.



Jólasveinarnir úr Dimmuborgum komu í heimsókn.



Það var mikið sungið og spilað, enda gleðidagur.



Um 300 manns komu við og þáðu veitingar í boði stéttarfélaganna.



Mæðgurnar og heidurskonurnar, Kristbjörg Jónasdóttir og Hulda Þórhallsdóttir úr Arholti voru ánægðar með tónlistina og veitingarnar sem voru í boði.

Góðir styrkir til starfsmenntunar

Á síðasta aðalfundi Framsýnar var samþykkt að hækka starfsmenntunastyrki verulega til félagsmanna. Fullgildir félagsmenn eiga rétt á allt að kr. 60.000,- styrkjum úr fræðslusjóðum sem Framsýn á aðild að s.s. Sveitamennt, Landsmennt, Ríkismennt, Sjómennt og Fræðslusjóði verslunarmanna. Auk þess greiðir félagið allt að sömu

upphæð úr eigin fræðslusjóði til að aðstoða félagsmenn í dýru námi. Heildarupphæðin getur því orðið kr. 120.000,- á ári. Til viðbótar þessum rétti hefur Landsmennt ákveðið að hækka einstaklingsstyrki til þeirra sem ekki hafa nýtt sér réttinn í þrjú ár í kr. 180.000,-. Reglan tók gildi um síðustu áramót. Framsýn hvetur félagsmenn til að nýta sér styrkina.



Stéttarfélagin eiga mikið og gott myndasafn. Hér er "gömul" mynd sem tekin er af starfsmönnum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga á sínum tíma þegar þeir útskrifuðust eftir 70 stunda námskeið.

Jón Þorvaldsson sigurvegari á Framsýnarmótinu

Framsýnarmótið í skák fór fram fyrir nokkru en það var haldið af skákkfélaginu Goðanum í Þingeyjarsýslu og Framsýn-stéttarfélagi. Sigurvegari í mótinu var Jón Þorvaldsson. Hann hlaut 5 vinninga í 6 skákum og var taplaus á mótinu. Jón hafði forustu á mótinu allan tímann. Í öðru sæti var Tómas Björnsson og Björn Þorsteinsson í því þriðja, báðir með 4,5 vinning. Í flokki 16 ára og yngri sigraði Snorri Hallgrímsson með 2 vinninga. Í öðru sæti var Valur Heiðar Einarsson og

Hlynur Snær Viðarsson í því þriðja, báðir með hálfan vinning. Mótið heppnaðist afar vel og voru Goðamenn að vonum ánægðir með hvernig til hefði tekist. Þökkðu þeir Framsýn-stéttarfélagi sérstaklega fyrir góðan stuðning við skákkfélagið. Jón Þorvaldsson, sem sigraði í mótinu, sá ástæðu til að hrósa félaginu fyrir þá samfélagslegu ábyrgð sem það sýndi með stuðningi við Goðann. Nánari upplýsingar um mótið má finna á heimasíðu Goðans.



Sigurvegari Jón Þorvaldsson og aðrir skákmenn sem tóku þátt í mótinu sem fór vel fram.

Félagshúfur fyrir félagsmenn Þingiðnar

Stjórn Þingiðnar hefur látið gera góðar og hlýjar félagshúfur fyrir félagsmenn. Þeir félagsmenn Þingiðnar sem vilja eignast húfu eru vinsamlegast beðnir um að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þeir sem búa utan Húsavíkur geta fengið þær með póstinum.



Ný lögmannsstofa opnuð á Húsavík

Lögmannsstofa Akureyrar hefur opnað starfstöð á Húsavík undir heitinu Lögmannsstofa Húsavíkur. Stofan sinnir allri almennri lögfræðipjónustu fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki. Lögmannsstofa Húsavíkur hefur samið við Skrifstofu stéttarfélaganna um leigu á skrifstofu í nýja hlutanum.

Á móti hafa stéttarfélagin samið við lögmannsstofuna um 20% afslátt fyrir félagsmenn sem þurfa á almennri lögfræðipjónustu að halda. Viðskiptavinir þurfa að panta tíma hjá Lögmannsstofu Húsavíkur í síma 464-5555. Skrifstofan á Húsavík verður opin eftir þörfum.

Gáfu Krabbameinsfélaginu gjöf til minningar um Ingibjörgu

Framsýn-stéttarfélag og Þingið, félag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum færðu nýlega Krabbameinsfélagi Suður-Þingeyinga gjöf kr. 200.000,- til minningar um Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur fyrirverandi varaforseta Alþýðusambands Íslands. Ingibjörg var formaður Landssambands íslenskra verslunarmanna og varaforseti Alþýðusambands Íslands um tíma. Hún lést miðvikudaginn

24. nóvember á Landspítalanum við Hringbraut, 61 árs að aldri eftir baráttu við krabbamein. Hún var kosin formaður LÍV á þingi sambandsins árið 1989 og er eina konan sem gegnt hefur embætti formanns landssambands innan ASÍ. Það er von stéttarfélaganna að gjöfin komi að góðu gagni í því mikilvæga starfi sem Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga gegnir í þágu samfélagsins.



Guðrún Arný Guðmundsdóttir formaður Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga tók við gjöfinni. Hér er hún ásamt forsvarsmönnum Framsýnar og Þingiðnar. Guðrún Arný þakkaði fyrir fallega gjöf um leið og hún sagði frá mikilvægu starfi Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga.

ÁLYKTUN FRÆÐSLU-NEFNDAR BSRB

„Fræðslunefnd BSRB lýsir þungum áhyggjum yfir fyrirhuguðum niðurskurði til framhaldsskóla. Ljóst er að ef fram heldur sem horfir í fjárlagafrumvarpinu geta skólarnir ekki tekið við öllu því unga fólki sem vill leggja stund á framhaldsskólanám. Það leiðir til aðstöðumunar á milli kynslóða. Ungt fólk á framhaldsskólaaldri þarf hvatningu til þess að stunda nám. Niðurskurður í framhaldsskólanum gefur þverfug skilaboð. Sérstakt áhyggjuefni er að niðurskurðurinn verður mestur í þeim skólum sem hingað til hafa tekið við nemendum sem hefja nám á ný

eftir brottfall úr skóla. Veruleg hætta er á að sá hópur hrökklist úr skólakerfinu. Þá er það áhyggjuefni að ef framhaldsskólunum verður sniðinn svo þröngur stakkur sem fjárlagafrumvarpið ber vitni um, neyðast skólastjórnendur til að draga úr fjölbreytni í námi. Skólarir verða því einhæfari og námið ekki eins skilvirkt. Fræðslunefnd BSRB varar við svo stórtækum niðurskurði á jafn viðkvæmum tímum og nú ríkja. Yfirlýst markmið Menntamálaráðuneytisins um að auka menntunarstig þjóðarinnar eru með þessu að engu gerð. „

Hestar og menn í Framsýn

Það er ánægjulegt til þess að vita að Framsýn er eitt vinsælasta, ef ekki vinsælasta, stéttarfélag landsins meðal félagsmanna og nýtur auk þess virðingar langt út fyrir raðir þeirra. Það staðfesta kannanir sem gerðar hafa verið og umfjöllun um félagið. Töluverð ásókn er í félagið frá félagsmönnum annarra stéttarféлага, það er utan Þingeyjarsýslna sem er félagssvæði Framsýnar. Dæmi eru um að þess hafi verið óskað að Framsýn stofni deildir á þeirra landssvæðum þar sem frjáls félagaðild sé að stéttarfélögum s.s. í Eyjafirði. Framsýn hefur falið lögfræðingum félagsins að kanna stöðuna og hvað félaginu sé heimilt að gera varðandi óskir þessara hópa. Að sjálfsögðu mun Framsýn fara að lögum hvað þetta mál varðar. Annað stendur ekki til. En það er ekki nýtt að það sé áhugi fyrir því að fá aðild að stéttarfélögum á Húsavík. Sá áhugi nær út fyrir mannkynið eins og meðfylgjandi saga staðfestir. Fyrir nokkuð mörgum áratugum var maður nokkur á Húsavík sem hét Stefán Bjarnason, Stebbi smoll eins og hann var kallaður. Stebbi hafði lifibrauð sitt af því að keyra út vörum fyrir bæjarbúa á hestinum sínum sem hann nefndi Skjónu, var sendill þess tíma. Stebbi var einnig fenginn til að keyra út skít á tún fyrir þá sem höfðu sauðfé í kaupúninu. Stebbi var mikil verkalyðssinni og greiddi því félagsgjald af Skjónu í Verkakvennafélag Húsavíkur sem nú ber nafnið Framsýn eftir sameiningu stéttarféлага í Þingeyjarsýslum. Ekki eru til heimildir fyrir því hvort Skjóna hafi fengið formlega inngöngu í Verkakvennafélagið eða ekki en félagið tók á móti félagsgjaldinu eftir

því sem best er vitað en skriflegar heimildir frá þessum tíma eru glataðar. Margar góðar sögur eru til af Stebba smoll og hér kemur ein þeirra sem Sigurjón Jóhannesson á Húsavík sagði okkur frá en hún fjallar um þegar Skjóna fór í verkfall.

Við gefum Sigurjóni orðið:

Stefán átti jafnan hesta til dráttar. Skjóna var ein í þeim hópi. Var Stebbi eitt sinn að aka skít fyrir Júlíus Havsteen sýslumann og beitti Stebbi Skjónu fyrir ækið. Er kom fram á dag og Stefán hafði ekki lokið verki sínu, leysti hann Skjónu frá ækinu og hafðist ekki að. Innti sýslumaður Stebba hverju sætti. „Skjóna er komin í verkfall“, sagði Stebbi, „Verkakvennafélagið efndi til verkfalls í dag“. Með því vildi Stebbi gefa til kynna að Skjóna stæði með sínu kyni og færi því í samúðarverkfall.



Þetta málverk er af Stebba smoll og Skjónu og er eftir Sigurð Hallmarsson listamann. Sigurður taldi við bæfi að fara Framsýn málverkið að gjöf þar sem Skjóna væri væntanlega eini besturinn sem greitt hefði verið af í stéttarfélag.

Reiði á fundi um fátækt á Íslandi

Fyrir áramótin var ýmsum framámönnum í íslensku þjóðfélagi boðið að sitja borgarafund í Kópavogi um fátækt á Íslandi, þar á meðal formanni Framsýnar.

Hægt er að skoða fundinn inni á veraldarvefnum í heild sinni sem var mjög fjórlegur, það er framsögur og umræður.



Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Framsýnar, svarar spurningum fundarmanna. Hann situr hér á milli Gylfa Arnbjörnssonar forseta ASÍ og Þorleifs Gunnlaugssonar frá VG sem situr í velferðarráði Reykjavíkurborgar.

Skoðaði höfuðstöðvar SP

Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson var í persónulegum erindagjörðum í New York í nóvember. Þegar hann var þar á ferð var honum boðið að skoða höfuðstöðvar Sameinuðu Þjóðanna undir leiðsögn Jóns Erlings Jónassonar varafastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu Þjóðunum. Auk þess var honum boðið að heilsa upp á sendiherra Íslands og skoða aðstöðu íslensku fulltrúanna. Sex starfsmenn starfa á vegum íslenska ríkisins í New York, þar af þrír frá Utanríkisráðuneytinu og

þá eru þrír starfsmenn staðarráðnir en þeir búa í New York. Skrifstofa íslensku fulltrúana er í göngufæri frá höfuðstöðvum SP. Alls eru 92 þjóðir aðilar að Sameinuðu Þjóðunum. Aðalsteinn sagði að það hefði verið mjög áhugavert að skoða starfseminu og ekki hefði skemmt fyrir frábær leiðsögn Jóns Erlings sem ættaður væri úr Ystafelli í Þingeyjarsveit. Pilturinn knái úr Árholti, Garðar Jónasson, stóð á bak við heimsókn Aðalsteins til SP. og er honum færðar þakkar fyrir.



Formaður ásamt Jóni Erlingi Jónassyni varafastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu Þjóðunum sem gerði bonum grein fyrir starfsemi SP.

Beðið eftir ASÍ og SA

Fréttabréfið spurði Stefán Stefánsson formann STH út í stöðu kjaraviðræðna við ríki og sveitarfélög á vegum Samflotsins sem Starfsmannafélagið er aðili að. „Samninganefnd Samflotsins átti síðast fund með samninganefnd Sambands Sveitarfélaga þann 8 febrúar sl. og er staðan þannig að talsverð textavinna er búin og verður unnin áfram þannig að menn henda á milli sín í tölvupóstum án þess að hittast formlega. Það er búið að segja okkur í Samflotinu það að launaliðurinn verður ekki ræddur meira fyrr en ASÍ og SA hafa náð samkomulagi með sín mál. Engar fréttir eru af samningum við SNR (Ríkið) enginn fundur verið haldinn og menn fá ekki einu sinni svör við bréfum og tölvupóstum sem sendir hafa verið á samninganefndina og slíkt er náttúrulega ólíðandi og á ekki



Stefán Stefánsson formaður STH hefur undanfarið tekið þátt í undirbúningsvinnu vegna kjaraviðræðna Samflotsins við ríki og sveitarfélög.

Gott að vita!!

Félagsmenn stéttarfélaganna eiga rétt á góðum afsláttum af vörum og bensíni hjá NI, Olís og ÓB. Það á einnig við um skoðunargjöld hjá Frumherja. Leitið frekari upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Komdu og kynntu þér lausnir fyrir lántakendur

Húsnæðislán

Íslenskt húsnæðislán

Erlent húsnæðislán

Endurútreikningur eða höfuðstólslækkun

Nýtt íslenskt húsnæðislán

110% aðlögun húsnæðislána

Sértæk skuldaaðlögun

Ef þú ert með húsnæðislán hjá Íslandsbanka gætir þú átt rétt á ýmsum úrræðum til að létta greiðslubyrði þína.

Endurútreikningur erlendra húsnæðislána

Við höfum hafið endurútreikning á erlendu lánunum samkvæmt lögum. Reikna má með 25-40% lækkun höfuðstóls í áföngum. Ef þú hefur þegar þegið höfuðstólslækkun Íslandsbanka getur þú einnig nýtt þér þetta nýja úrræði ef það reynist hagstæðara en höfuðstólslækkunin.

110% aðlögun

Ef höfuðstóll lánsins þíns er hærri en 110% af markaðsvirði hússins stendur þér til boða að lækka hann sem því nemur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi lausn á við um öll íslensk húsnæðislán, en erlendum lánunum þarf fyrst að breyta í íslensk.

Sértæk skuldaaðlögun

Sé frekari úrræða þörf, stendur þér sértæk skuldaaðlögun til boða sem getur haft í för með sér enn frekari niðurfærslu skulda.

Velkomin útibúið þitt á Húsavík. Ráðgjafar okkar taka vel á móti þér.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000


Íslandsbanki